

Mannauðsstefna

Kópavogsbæjar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Um mannauðsstefnu

Mannauðsstefnan styður við framfylgd Stefnu Kópavogsbæjar sem samanstendur af hlutverki, framtíðarsýn, gildum og yfirmarkmiðum úr Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Þá hefur mannauðsstefnan gildi Kópavogsbæjar að leiðarljósi og styður við markvissa notkun þeirra og innleiðingu á starfsstöðum Kópavogsbæjar. Gildin eru:

UMHYGGJA - FRAMSÆKNI - VIRÐING - HEIÐARLEIKI

Mannauðsstefnan var unnin af mannauðsstjóra og mannauðsteymi Kópavogsbæjar. Stefnan byggir á áherslum sem fram komu á stjórnendadegi 28. apríl 2022 þar sem stjórnendur settu fram sín sjónarmið og vinnustofum með starfsfólki sem fram fóru 16. og 21. nóvember 2022 og 26. janúar 2023. Mannauðsstefnan tekur einnig mið af áherslum starfsfólks í vinnustaðagreiningu 2022, fyrrum starfsmannastefnu og öðrum fyrirbyggjandi stefnum, samþykktum, áætlunum og verkferlum Kópavogsbæjar.



Framkvæmd og ábyrgð

Stjórnsýslusvið Kópavogsbæjar hefur frumkvæði að mótun mannauðsstefnu og ber ábyrgð á að fram fari reglulegt endurmat. Mannauðsstjóri ber ábyrgð fyrir hönd stjórnsýslusviðs, á mótun, innleiðingu og framkvæmd stefnunnar í samstarfi við stjórnendur sviða og starfsstaða en stjórnendum ber að innleiða stefnuna fyrir sinn starfsstað. Á grundvelli stefnunnar er unnin aðgerðaáætlun til eins árs í senn en henni er ætlað að koma þeim markmiðum sem sett eru fram í stefnunni til framkvæmda. Stefnan og aðgerðaáætlun eru endurskoðaðar reglulega.

Efnisinnihald

Stefnan byggir á framtíðarsýn og þremur stefnuáherslum. Í hverri stefnuáherslu eru tilgreind þrjú meginmarkmið. Aðgerðir hafa mælanleg markmið og taka mið af stefnuáherslum og meginmarkmiðum.



Framtíðarsýn

Hjá Kópavogsbæ starfar **samheldinn starfshópur** sem hefur það að markmiði að **skilja þarfir, uppfylla væntingar** og veita **framúrskarandi þjónustu** til bæjarbúa.

Kópavogsbær býður upp á **eftirsóknarvert** starfsumhverfi sem styður við **heilsu, öryggi og vellíðan starfsfólks**. Starfsfólk hefur áhrif á **þróun vinnustaðarins** og hefur tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri.

Framsækin hugsun ræður ríkjum í krafti frumkvæðis og **nýsköpunar**. Starfsfólk fær tækifæri til **framþróunar** sem byggir á þörfum hvers og eins.



Gildi Kópavogsbæjar



Stefnuáherslur

**GOTT AÐ
VINNA**




**GOTT AÐ
VAXA**

**GOTT AÐ
VERA**




ÞAÐ ER GOTT AÐ VINNA HJÁ KÓPAVOGSBÆ



Kópavogsbær samanstendur af samheldnum og fjölbreyttum hópi starfsfólks. Lögð er áhersla á öfluga og faglega stjórnun og ábyrgð starfsfólks á eigin hlutverki. Góð samvinna er höfð að leiðarljósi ásamt miðlun þekkingar og upplýsinga með skilvirku verklagi.

ÞAÐ ER GOTT AÐ VERA HJÁ KÓPAVOGSBÆ



Kópavogsbær er vinnustaður sem virðir mannréttindi og jafnrétti í allri sinni starfsemi. Stuðlað er að heilsusamlegu og öruggu starfsumhverfi þar sem starfsfólki líður vel andlega og líkamlega.

ÞAÐ ER GOTT AÐ VAXA HJÁ KÓPAVOGSBÆ



Hjá Kópavogsbæ er lögð áhersla á framsækni og nýsköpun og að starfsfólk fái rými til að vaxa í starfi. Starfsfólk fær tækifæri til að koma hugmyndum á framfæri og hafa áhrif á þróun vinnustaðarins.

EINN VINNUSTAÐUR

ÁRANGURSRÍK SAMVINNA

FAGLEG STJÓRNUN

VELLÍÐAN STARFSFÓLKS


UPPBYGGJANDI SAMSKIPTI

STÖNDUM JÖFN


VALDEFLING MANNAUÐS

KRAFTMIKIÐ STARFSFÓLK

STÖÐUG FRAMSÆKNI



GOTT AÐ VINNA



1. EINN VINNUSTAÐUR

Við vinnum sem ein liðsheild með samræmdum vinnubrögðum að hagsmunum og framtíðarsýn Kópavogsbæjar. Við hrósum þegar vel tekst til og myndum sterka liðsheild. Starfsfólk tekur ábyrgð á sínu hlutverki og með samvinnu og trausti náum við árangri.


2. ÁRANGURSRÍK SAMVINNA

Við leitumst við að hafa boðleiðir stuttar og skilvirkar og erum öll ábyrg fyrir að miðla og deila þekkingu. Við finnum lausnir með skilvirkri vinnulagi og umbótamenningu sem endurspeglast í þjónustu Kópavogsbæjar.

3. FAGLEG STJÓRNUN

Við höfum öfluga forystu sem tekur ábyrgð á mannauðsmálum. Stjórnendur eru aðgengilegir, ganga fram með góðu fordæmi, miðla upplýsingum, hvetja til þekkingaröflunar og stuðla að góðum samskiptum sem leiða til virkrar þátttöku starfsfólks.

GOTT AÐ VERA



4. VELLÍÐAN STARFSFÓLK

Við stuðlum að góðri heilsu, vitund og hreysti starfsfólks með jákvæðri vinnustaðamenningu. Lögð er rík áhersla á forvarnir sem hlúa að andlegri og líkamlegri velferð hvers og eins og að starfsstaðir uppfylli kröfur um vinnuvernd og góðan aðbúnað.

5. UPPBYGGJANDI SAMSKIPTI

Við eigum í fordómalausum, opnum og uppbyggjandi samskiptum og virðum störf hvers annars. Hvers kyns áreitni, einelti og eða ofbeldi er ekki liðið og tekið er á slíkum málum af festu og ákveðni.

6. STÖNDUM JÖFN

Við gætum jafnréttis í hvívetna. Hvert og eitt okkar er metið að verðleikum og við leitumst við að skapa starfsfólki okkar gott starfsumhverfi. Stuðlað er að jafnvægi á milli vinnu og einkalífs.

GOTT AÐ VAXA



7. VALDEFLING MANNAUÐS

Við höfum áhrif á þróun vinnustaðarins og eigin starfsskilyrði og höfum tækifæri til að koma hugmyndum á framfæri. Starfsfólk hefur greiðan aðgang að upplýsingum, tækjum og tólum sem það þarf til þess að sinna verkefnum sínum vel.

8. KRAFTMIKIÐ STARFSFÓLK

Við löðum til okkar hæft og kraftmikið starfsfólk og ráðningar eru faglegar. Unnið er markvisst að starfsþróun hvers og eins til að starfsfólk eflist og öðlist sjálfstæði. Þarfir starfsfólks eru greindar og því veitt viðeigandi símenntun.

9. STÖÐUG FRAMSÆKNI

Við horfum til nýsköpunar og styðjum starfsfólk í að tileinka sér nýjar hugmyndir, tækni og aðferðir sem tengjast starfsvettvangi þess. Starfsfólk getur þannig betur mætt breytilegum kröfum og áskorunum.

